

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 111/2005**

**frá 30. september 2005**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2005 frá 10. júní 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/21/EB frá 7. mars 2005 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 72/306/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til notkunar í ökutækjum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/27/EB frá 29. mars 2005 um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum, á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/97/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á búnaði til að auka sjónsvið og ökutækjum með slíkum búnaði <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (tilskipun ráðsins 72/306/EBE):  
„- **32005 L 0021**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/21/EB frá 7. mars 2005 (Stjtíð. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 25).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 45zc (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/97/EB):  
„, eins og henni var breytt með:  
- **32005 L 0027**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/27/EB frá 29. mars 2005 (Stjtíð. ESB L 81, 30.3.2005, bls. 44).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2005/21/EB og 2005/27/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 5 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 25.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. ESB L 81, 30.3.2005, bls. 44.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.